

Alþingi
Erindi nr. P 135/839
komudagur 6.12.2007



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2007

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um íslenskukennslu fyrir útlendinga, 28. mál.

Gerð er tillaga um að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra gerð áætlunar um að efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur hér á landi. Við gerð áætlunarinnar, sem verði til fimm ára, verði efnt til samráðs við fulltrúa allra skólastiga, verkafélagsmanna, atvinnurekendur og símenntunarmiðstöðvar um land allt. Vinnu við áætlunina skal lokið 1. mars 2008.

Samtök iðnaðarins telja að hér sé hreyft mikilvægu máli. Á undanförunum árum hefur margt gott verk verið unnið til að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga. Stjórnvöld og atvinnulíf hafa lagt fé til verksins sem og starfsmenntasjóðir atvinnulífsins, s.s. Starfsafl og Landsmennt. Þrátt fyrir þetta er margt ógert. Brýnast er að móta og framfylgja ákveðinni stefnu í þessum málaflokki.

Mikilvægt er að áætlunin einskorðist ekki við að kenna tungumál, þ.e. íslensku, í hefðbundnum skilningi heldur sé lögð áhersla á að gefa innflytjendum tækifæri til að tileinka sér íslenska menningu þannig að þeir aðlagist íslensku samfélagi fljótt og vel. Æskilegt er að árangur áætlunarinnar sé metinn jafnóðum.

Margs konar ávinningur felst í því ef þessar hugmyndir verða að veruleika:

- Innflytjendum gefst færi á því að semja sig að íslenskum háttum og læra skipulega um réttindi sín og skyldur.
- Innflytjendum gefst kostur á því að nýta fyrr menntun og færni í eigin þágu sem og atvinnulífsins.
- Innflytjendum gefst kostur á að auðga íslenska menningu og dregið er úr líkum á menningarlegum árekstrum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ingi Bogi Bogason